



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Umhverfisstefna Ísaksskóla

Tilgangurinn með umhverfisstefnu Ísaksskóla er að bæta umhverfið og umhverfisvitundina.

Markmið:

- að nemendur læri að lifa í sátt við umhverfi sitt og taka ákvarðanir sem eru samfélaginu og náttúrunni til heilla
- að bæta umhverfisvitund nemenda og starfsmanna skólans
- að draga úr hvers kyns sóun verðmæta með nýtni og því að endurnota og endurvinna
- að vinna gegn hvers konar mengun og umhverfisspjöllum
- að styðja alþjóðlega umhverfisvernd og vekja nemendur til umhugsunar um sameiginlega ábyrgð

Til að koma þessu í framkvæmd þurfum við að:

- efla markvissa umhverfismennt í skólanum
- safna upplýsingum um stöðu umhverfismála í skólanum, meta hvaða verkefni hafa forgang og gera áætlun um aðgerðir
- upplýsa aðra um umhverfisstefnu okkar og fá þá í lið með okkur

Umhverfisteymi skólans vinnur að framkvæmd og framgangi umhverfisstefnu skólans.

Umhverfisstjórn Ísaksskóla 2024-2025

Í umhverfisstjórn sitja eftirtaldir aðilar:

Ólöf Einarsdóttir og Móeiður Kristjánsdóttir

Hlutverk umhverfisstjórnar

Í meginatriðum er hlutverk umhverfisstjórnar að gera vinnuáætlun til að bæta umhverfisvitund nemenda og starfsmanna.



Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfsseignarstofnun

Hjá okkur er/u

- öll áhöld og umbúðir í matnum margnota
- öll drykkjarilát margnota
- allar flöskur og dósir flokkaðar og settar í endurvinnslutunnu
- allur lifrænn úrgangur flokkaður og settur í gám til moltugerðar
- pappírsgámur; blá og græn við skólann
- pappír og pappi flokkaður og settur í gámana
- endurvinnslukassi fyrir rafhlöður staðsettur á skrifstofu og í verkfæraherbergi inn af leikfimisal
- ál og málmar flokkaðir og settir í endurvinnslufötur
- allt plast flokkað og sett í endurvinnslufötur
- flokkunarmerkingar í öllum vistarverum skólans
- bekkjarsett af plokurum til afnota við lóðahreinsun skólans og nágrennis
- gömul húsgögn og munir í eigu skólans sem hafa fengið nýtt líf
- hreinlætisvörur vistvænar
- sótthreinsivörur vistvænar
- eftirlit og endurmat umhverfisteymisins einu sinni á ári
- námsgögn, leikföng og spil merkt og eiga vísan stað í skólann. Áhersla lögð á góða umgengni og frágang
- Markviss umhverfisfræðsla í öllum bekkjum 5-9 ára í næðisstund einu sinni á vetri. ÓE og MK sjá um fræðsluna.
- Öll flokkunarilát í skólastofum ný endurnýjuð og merkt
- Þemadagar verði reglulega helgaðir umhversumálum

Við stefnum að því að:

- bæta við myndum á flokkunarfötum í 5 ára
- safna upplýsingum um stöðu umhverfismála í skólanum, meta hvaða verkefni hafa forgang og gera áætlun um aðgerðir
- halda áfram að upplýsa aðra um umhverfisstefnu okkar og fá þá í lið með okkur - halda áfram að ganga vel um, raða skóm, hengja upp fatnað, nýta ritföng og önnur skólagögn vel
- höldum áfram að hvetja foreldra/forráðamenn til að merkja allar eigur barnanna
- minnka úrgang
- endurvinna m.a. úr pappír, efni, kertum o.fl.
- halda áfram að gefa gömlum hlutum nýtt líf (gera upp gamla hluti)
- græða umhverfið
- tengja útinám við umhverfisvitund
- halda skólalóðinni enn hreinni og gróðursetja



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

- minnka mengun
- hvetja fólk til að hafa bílana ekki í lausagangi

Aðgerðaáætlun vetrarins:

- Setja nýja pappírskassa þar sem þörf er á endurnýjun.
- Kynna fyrir starfsfólki hvar lykla af gámum er að finna.
- Brýna fyrir starfsfólki að halda ótrauð áfram að upplýsa nemendur um umhverfisvernd og flokkun.
- Markviss efling umhverfisvitundar til að vinna með starfsmönnum og nemendum á fjölbreyttan hátt í umhverfismálum.
- Umhverfisteymi fer í skólaheimsóknir til að kynna sér það sem vel er gert í umhverfismálum annars staðar.
- Festa skólaheimsókn í Sorpu hjá 9 ára nemendum.
- Sækja fyrirlestra tengda umhverfismálum.

Endurskoðað í september 2024, umhverfisteymið:
Móa og Olla